LÖG

um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að draga úr áhrifum verðhækkunar á olíu til hitunar íbúðarhúsnæðis með ráðstöfun á tekjum af 1% gjaldi, sem lagt er á söluskattsstofn með lögum nr. 5 28. febr. 1974, um álagningu sérstaks gjalds til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana.

2. gr.

Tekjum af gjaldi því, sem um ræðir í 1. gr., skal varið:

a) Til að styrkja þá aðila, sem nota olíu til hitunar íbúða sinna, og greiðist sama upphæð á hvern íbúa, sem býr við olíuupphitun. Þó skulu lífeyrisþegar, sem njóta bóta samkv. 19. gr. laga um almannatryggingar, og aðrir lífeyrisþegar, sem hafa svipaðar heildartekjur, fá greiddan styrk, sem nemur 1½ styrk einstaklings. Olíustyrkur greiðist hverjum framteljanda til skatts og einnig vegna maka og barna, sem eru á framfæri hans og eigi eru sjálfstæðir framteljendur. Skal hann ekki talinn til tekna við álagningu tekjuskatts og útsvars.

b) Til að veita styrk til rafveitna að því marki, sem þær nota olíu sem orkugjafa til framleiðslu rafmagns til hitunar íbúða á sölusvæði sínu.

3. gr.

Tekjum af gjaldi því, sem innheimt er samkvæmt lögum nr. 5/1974, skal úthlutað fyrir milligöngu bæjar- og sveitarfélaga í samræmi við ákvæði 2. gr., svo sem nánar er ákveðið í reglugerð. Sveitarstjórnir skulu gera viðskiptaráðuneytinu grein fyrir fjölda þeirra íbúa í viðkomandi sveitarfélagi, sem búa við olíuupphitun.

4. gr.

Viðskiptaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 14. maí 1974.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Lúðvík Jósepsson.